

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Íslensk Matorka - Fiskeldisstöðin Galtalæk Galtalæk, Hellu



Dags eftirlits	6.5.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Íslensk Matorka - Fiskeldisstöðin Galtalæk	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Hlíðarsmára 6	Tegund eftirlits	Lokunareftirlit
Kennitala	480210-0930	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Stefanía Karlsdóttir	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt nýtt frávík kom fram við eftirlit er varðar að frágangur vegna lokunar stöðvarinnar er ekki fullnægjandi og staðfesting landeiganda um fullnægjandi frágang hefur enn ekki borist Umhverfisstofnun. Ein ábending var sett fram er varðar upplýsingagjöf vegna tengiliðs rekstraraðila við eftirlitsaðila.

Eldra frávík frá árinu 2018, er varðar hreinsun frárennslis stendur enn opið. Engin starfsemi hefur verið í stöðinni frá því að frávikið var sett fram og þar sem ljóst er að stöðin mun ekki hefja starfsemi að nýju þá er frávikinu lokað.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Um litla landeldisstöð er að ræða með leyfi fyrir fiskeldi á landi og allt að 20t ársframléiðslu en tegund eldisfisks kemur ekki fram í leyfinu. Starfsleyfið er gefið út af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands og gildir til 30. nóvember 2023.

### Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Umgengni og aðkoma lóðar
- Fullnægjandi frágangur v. rekstrarstöðvunar og lokunar
- Staðfesting frá landeiganda að frágangi sé lokið

Farið var að Galtalæk 2 í Landsveit, Rangárþingi ytra. Um lokunareftirlit er að ræða en engin starfsemi hefur verið í stöðinni frá árinu 2018.

Rekstraraðili óskaði eftir niðurfellingu starfsleyfis þann 2. desember 2019 og var gert ráð fyrir að frágangi við stöðina yrði lokið í september 2020. Niðurrifi er nú lokið en enn á eftir að ganga frá svæðinu á fullnægjandi hátt.

Frárennslisrör ásamt öðrum búnaði úr stöðinni liggja á lóðinni, smárukl er á svæðinu og sjá má slý og uppsöfnun í frárennslislæk sem þarf að hreinsa betur. Að sögn landeiganda hefur rekstraraðili ekki lokið þeim frágangi sem samið var um og þar til því er lokið verður leyfið ekki fellt niður enda á ábyrgð rekstraraðila að ganga frá svæðinu á fullnægjandi hátt og í samkomulagi við landeiganda.

Frávík er því sett þar um og óskað eftir því að ný úrbótaáætlun verði send eftirlitsaðila ásamt staðfestingu frá landeiganda að úrbótum á svæðinu sé lokið.

Á meðan starfsleyfið er í gildi lútur það að eftirlitsáætlun Umhverfisstofnunar og ber gjöld samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar. Umhverfisstofnun bendir einnig á að skv. 1. mgr. 61. gr. laga nr. 7/1998 er stofnuninni heimilt að láta vinna verk á kostnað rekstraraðila ef fyrirmæli um framkvæmd eru vanrækt.

### Frávík frá

### Lýsing á fráviki

Gr. 2.8 í starfsleyfi og 15. gr. rg nr. 550/2018

Verði rekstri hætt þá sé það tryggt að frágangur á athafnasvæði sé ásættanlegur. Staðfesting landeiganda um ásættanlegan frágang hefur ekki verið send Umhverfisstofnun.





## ÁBENDINGAR

Bent er á að rekstraraðili ber að upplýsa eftirlitsaðila um breytingar á tengiliðaupplýsingum fyrir starfsleyfin. Það er á ábyrgð rekstraraðila að eftirlitsaðili hafi upplýsingar um netföng og símanúmer tengiliða svo upplýsingar komist rétt til skila.

## ANNAÐ


Rekstraraðila var sent fundarboð um eftirlitið en fulltrúi rekstraraðila var ekki viðstaddur. Rætt var við landeiganda sem fylgdi eftirlitsmanni um svæðið.

Meðfylgjandi fundarboðinu var kynning á gagnagrunni Umhverfisstofnunar um mengaðan jarðveg og skráningar þar inn og kynning á nýrri gjaldskrá stofnunarinnar og breytingum á innheimtu eftirlitsgjalda. Rekstraraðili var beðinn að kynna sér skjölin. Einnig var farið yfir fyrirhugaða breytingu á boðun eftirlits en nú verða eftirlitin boðuð með skemmri fyrirvara en verið hefur ásamt því að hærra hlutfall reglubundinna eftirlita verða óboðuð.

Reykjavík, 26.05.2023

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.



Guðbjörg Stella Árnadóttir

